

2008:1 • 15. janúar 2008

Alþingiskosningar 12. maí 2007

General elections to the Althingi 12 May 2007

Samantekt Kosið var til Alþingis 12. maí 2007. Við kosningarnar voru alls 221.330 á kjörskrá, eða 71,1% landsmanna. Af þeim greiddu 185.071 atkvæði, eða 83,6% kjósenda. Kosningabáttaka kvenna var meiri en karla, eða 83,9% á móti 83,3% hjá körlum.

Í kosningunum buðu sex stjórnálagssamtök fram lista í öllum kjördæmum. Af 756 frambjóðendum á landinu öllu voru 399 karlar (52,8%) og 357 konur (47,2%). Í þremur efstu sætum framboðslistanna var hlutfall kvenna lægra, eða 43,5%, og enn lægra meðal kjörinna þingmanna, eða 31,7%, en kjörnar voru 20 konur og 43 karlar. Fjölgaði um eina konu á þingi frá kosningunum 2003.

Úrslit kosninganna 12. maí 2007 urðu þau að gild atkvæði voru 182.169 (98,4%), auðir seðlar 2.517 (1,4%) og ógildir 385 (0,2%). Framsóknarflokkur hlaut 11,7% gildra atkvæða og 7 menn kjörna, Sjálfstæðisflokkur 36,6% og 25 þingmenn, Frjálslyndi flokkurinn 7,3% og 4 þingmenn, Samfylkingin 26,8% og 18 þingmenn, Vinstrihreyfingin – grænt framboð 14,3% og 9 þingmenn, en Íslandshreyfingin fékk 3,3% gildra atkvæða og engan þingmann.

Tafla 1. Helstu niðurstöður í alþingiskosningum 12. maí 2007


Table 1. Main results of the general elections to the Althingi 12 May 2007

	Gild atkvæði <i>Valid votes</i>	Hlutfallsleg skipting, % <i>Percentage of valid votes</i>	Kjörnir þingmenn <i>Members elected</i>
Alls Total	182.169	100,0	63
Framsóknarflokkur <i>Progressive Party (B)</i>	21.350	11,7	7
Sjálfstæðisflokkur <i>Independence Party (D)</i>	66.754	36,6	25
Frjálslyndi flokkurinn <i>The Liberal Party (F)</i>	13.233	7,3	4
Íslandshreyfingin <i>The Icelandic Movement (I)</i>	5.953	3,3	–
Samfylkingin <i>The Social Democratic Alliance (S)</i>	48.743	26,8	18
Vinstrihreyfingin – grænt framboð <i>The Left-Green Movement (V)</i>	26.136	14,3	9



Mynd 1. Atkvæðahlutfall stjórnmálaflokka á landinu öllu 2007

Figure 1. Results of the general elections 2007. Percent of votes



For translation of names of political organisations see table 1 on page 1.

Framkvæmd kosninganna

Kosningalög

Hinn 16. maí 2000 samþykkti Alþingi ný lög um kosningar til Alþingis (nr. 24/2000). Nýju löginn byggðust á stjórnarskrárbreytingu sem samþykkt var 1999. Í lögnum fólust veigamiklar breytingar á kjördæmaskipan landsins. Grundvallarmarkmið nýju laganna var að draga úr misvægi atkvæða eftir búsetu en jafnframt að tryggja enn frekar en áður að úthlutun þingsæta til stjórnmálasamtaka sé í samræmi við atkvæðatölu þeirra á landinu öllu. Kjördæmum var fækkað úr átta í sex en fjöldi þingsæta var óbreyttur, eða 63.

Kosningalögin kveða á um tiltekinn fjölda þingsæta í hverju kjördæmi en landskjörstjórn ber þó að endurskoða skiptingu sæta að loknum hverjum alþingiskosningum eins og fram kemur hér síðar. Samkvæmt lögnum eru kjördæmin og fjöldi þingsæta sem hér segir: Norðvesturkjördæmi, Norðausturkjördæmi og Suðurlkjördæmi 10 þingsæti hvert, Suðvesturkjördæmi, Reykjavíkurborgkjördæmi suður og Reykjavíkurborgkjördæmi norður 11 þingsæti hvert.

Endurskoðunarákvæði

Í 9. gr. kosningalaganna er endurskoðunarákvæði sem mælir fyrir um tilfærslu þingsæta milli kjördæma í næstu alþingiskosningum á eftir. Þetta endurskoðunarákvæði er fært í lög til að leiðrétta misvægi atkvæða milli kjördæma svo að kjósendur að baki hverju þingsæti í einu kjördæmi nái ekki að verða helmingi færri en kjósendur að baki hverju þingsæti í einhverju öðru kjördæmi.

Leiðrétting misvægis milli kjördæma


Kosið var samkvæmt nýju kosningalögnum í fyrsta sinn í alþingiskosningunum 2003. Niðurstöður þeirra kosninga sýndu að 2.163 kjósendur voru að baki hverju þingsæti í Norðvesturkjördæmi, en það samsvarar innan við helmingi kjósenda að baki hverju þingsæti í Suðvesturkjördæmi, sem voru 4.366. Hinn 16. maí 2003 ákvað landskjörstjórn því með auglýsingu nr. 361/2003 og vísan til 5. mgr. 31. gr. Stjórnarskrárinnar, svo og 8. og 9. laga um kosningar til Alþingis (nr. 20/2000), að við næstu almennu alþingiskosningar skyldu níu þingsæti vera í Norðvesturkjördæmi (voru áður 10), átta kjördæmissæti og eitt jöfnunarsæti, en tólf þingsæti í Suðvesturkjördæmi (áður 11), tíu kjördæmissæti og tvö jöfnunarsæti.

Þingsætinum 63 var því skipt þannig milli kjördæma í kosningunum 2007: Norðvesturkjördæmi 9 þingsæti, Norðausturkjördæmi og Suðurkjördæmi 10 þingsæti hvort, Suðvesturkjördæmi 12 þingsæti, Reykjavíkurborgkjördæmi norður og suður 11 þingsæti hvort.

Landskjörstjórn gaf einnig út auglýsingu 10. apríl 2007 (nr. 328/2007) í samræmi við ákvæði kosningalaga um mörk kjördæma í Reykjavík fyrir alþingiskosningarnar 12. maí en þau breyttust frá kosningunum 2003.

Mynd 2. Kjördæmaskipan 2007

Figure 2. Constituencies in Iceland 2007



Skýrslugerð Löng hefð er fyrir því að Hagstofa Íslands taki saman skýrslur um almennar kosningar á Íslandi og í 116. grein kosningalaga nr. 24 frá árinu 2000 segir: „Kjörstjórnir skulu senda Hagstofu Íslands skýrslu um kosninguna ritaða á eyðublöð sem Hagstofan lætur í té.“

Í aðdraganda alþingiskosninganna 12. maí 2007 og í samráði við yfirkjörstjórnirnar lét Hagstofa Íslands kjörstjórnunum og yfirkjörstjórnunum í té eyðublöð til útfyllingar vegna skýrslugerðar um niðurstöður kosninganna. Leitað var eftir upplýsingum um fjölda kjörstaða og kjördeilda, fjölda kjósenda eftir kyni, fjölda greiddra atkvæða á kjörfundi, fjölda greiddra utankjörfundaratkvæða og loks heildarfjölda atkvæða. Að loknum kosningum sendu kjörstjórnir yfirkjörstjórnunum niðurstöður sínar og tóku yfirkjörstjórnir síðan saman yfirlit sem Hagstofa Íslands fékk til sinnar skýrslugerðar. Þá fékk Hagstofa Íslands einnig greinargerð landskjörstjórnar um úrslit kosninganna.

Fjöldi á kjörskrá

Hverjir mega kjósa?

Samkvæmt kosningalögum á hver íslenskur ríkisborgari 18 ára og eldri með lögheimili hér á landi kosningarrétt við kosningar til Alþingis. Íslenskur ríkisborgari 18 ára og eldri með lögheimili hér á landi á jafnframt kosningarrétt í átta ár eftir að hann flytur lögheimili sitt af landinu, talið frá 1. desember fyrir kjördag. Slíkur ríkisborgari á einnig kosningarrétt eftir þann tíma, enda hafi hann sótt um það samkvæmt nánari reglum kosningalaga.

Þjóðskrá lætur sveitarstjórnnum í té stofn að kjörskrá, svonefndan kjörskrárstofn, sem þær gera svo úr garði að úr verður gild kjörskrá. Kjörskrá skal sveitarstjórn leggja fram almenningi til sýnis eigi síðar en 10 dögum fyrir kjördag og ber sveitarstjórn að leiðrétta kjörskrá, ef við á, fram á kjördag. Með endanlegri kjörskrá hefur verið tekið tillit til fjölda látinna og þeirra sem fengið hafa nýtt ríkisfang eftir að kjörskrárstofn var unninn, svo og annarra leiðréttinga sem gerðar hafa verið á kjörskrárstofninum. Kjörskrá við alþingiskosningarnar 12. maí 2007 vék lítið frá upphaflegum kjörskrárstofni. Á kjörskrárstofni sem Hagstofan birti voru skráðir alls 221.368 kjósendur, eða 38 fleiri en á endanlegri kjörskrá að loknum kosningum.

Kjósendur á kjörskrá: 221.330

Við alþingiskosningarnar 12. maí 2007 voru því 221.330 manns á kjörskrá, eða 71,1% allra landsmanna. Í alþingiskosningum 2003 var þetta hlutfall 73,0%. Síðasta stóra breytingin á kosningarrétti landsmanna var samþykkt árið 1984 þegar kosningaaldur var lækkaður úr 20 árum í 18 og fleiri takmarkandi þættir á kosningarrétti rýmkaðir. Milli kosninganna 1983 og 1987 hækkaði hlutfall kosningabærra manna því úr 63,8% í 70,0% (tafla 2). Á kjörskrárstofni voru 8.793 með lögheimili erlendis, eða 4,0% allra sem höfðu kosningarrétt (tafla 3). Kjósendur á kjörskrárstofni sem höfðu ekki aldur til að kjósa í kosningunum 2003 (voru ekki orðnir 18 ára þá) voru 17.132, eða 7,7% allra kjósenda.

Tafla 2. Kosningaþátttaka í alþingiskosningum 1983–2007

Table 2. Participation in general elections 1983–2007

	1983	1987	1991	1995	1999	2003	2007
Kjósendur á kjörskrá							
<i>Voters on the electoral roll</i>	150.977	171.402	182.768	191.973	201.443	211.304	221.330
Hlutfall af íbúatölu, %							
<i>Percentage of population</i>	63,8	70,0	71,1	71,8	72,8	73,0	71,1
Karlar <i>Males</i>	75.424	85.694	91.332	95.921	100.517	105.426	110.382
Konur <i>Females</i>	75.553	85.708	91.436	96.052	100.926	105.878	110.948
Greidd atkvæði <i>Votes cast</i>	133.304	154.438	160.142	167.751	169.424	185.392	185.071
Karlar <i>Males</i>	67.462	77.528	80.280	83.708	84.228	91.930	91.978
Konur <i>Females</i>	65.842	76.910	79.862	84.043	85.196	93.462	93.093
Kosningaþátttaka, %							
<i>Participation</i>	88,3	90,1	87,6	87,4	84,1	87,7	83,6
Karlar <i>Males</i>	89,4	90,5	87,9	87,3	83,8	87,2	83,3
Konur <i>Females</i>	87,1	89,7	87,3	87,5	84,4	88,3	83,9

Tafla 3. Kjósendur á kjörskrá og kjörskrárstofni fyrir alþingiskosningar 12. maí 2007

Table 3. Voters on the electoral roll and on the preliminary electoral roll prior to general elections 2007

	Alls <i>Total</i>	Norð- vestur- kjörd.	Norð- austur kjörd.	Suður- kjörd.	Suð- vestur- kjörd.	Reykja- víkur- kjörd. suður	Reykja- víkur- kjörd. norður
Kjósendur á kjörskrá alls							
<i>Voters on the electoral roll, total</i>	221.330	21.126	27.881	30.592	54.584	43.391	43.756
Karlar <i>Males</i>	110.382	10.886	14.153	15.689	26.991	21.229	21.434
Konur <i>Females</i>	110.948	10.240	13.728	14.903	27.593	22.162	22.322
Kjósendur á kjörskrárstofni alls							
<i>Voters on preliminary electoral roll</i>	221.368	21.126	27.888	30.597	54.584	43.398	43.775
Karlar <i>Males</i>	110.399	10.886	14.152	15.690	26.991	21.235	21.445
Konur <i>Females</i>	110.969	10.240	13.736	14.907	27.593	22.163	22.330
Kjósendur með lögheimili erlendis <i>Domicile abroad</i>	8.793	574	849	939	2.190	2.089	2.152
Kjósendur með lögheimili erlendis % <i>Domicile abroad, %</i>	4,0	2,7	3,0	3,1	4,0	4,8	4,9

For translation of constituencies see table 4 on page 6.

Kjósendur á hvern þingmann

Þó að kosningalögunum hafi verið breytt (nr. 24/2000) til að jafna stærð kjördæma urðu niðurstöður úr kosningunum 2003 og 2007 þær að u.þ.b. helmingi færri kjósendur voru í fámennasta kjördæminu (Norðvesturkjördæmi) en því fjölmennasta (Suðvesturkjördæmi).

Í kosningunum 2007 voru fæstir kjósendur á hvern þingmann í Norðvesturkjördæmi, eða 2.347, en flestir kjósendur voru á hvern þingmann í Suðvesturkjördæmi, eða 4.549 (tafla 4). Hlutfallið þarna á milli er 1,938 og vegna þess að það er undir tveimur gefur það samkvæmt ákvæðum kosningalaga ekki tilefni til að breyta fjölda þingsæta í neinu kjördæmi fyrir næstu alþingiskosningar.

Tafla 4. Kjósendur á kjörskrá á hvern þingmann í alþingiskosningum 2007
Table 4. Voters on the electoral roll per member of the Althingi in general elections 2007

	Kjósendur á kjörskrá <i>Voters on electoral roll</i>	Fjöldi þingmanna <i>Althingi members</i>	Kjósendur	
			á kjörskrá á hvern þingmann <i>Voters per seat in Althingi</i>	Kjósendur á bak við þingm. m.v. hæstu tölu í kjördæmi % ¹
Allt landið <i>Whole country</i>	221.330	63	3.513	•
Norðvesturkjördæmi <i>Northwest</i>	21.126	9	2.347	51,6
Norðausturkjördæmi <i>Northeast</i>	27.881	10	2.788	61,3
Suðurkjördæmi <i>South</i>	30.592	10	3.059	67,3
Suðvesturkjördæmi <i>Southwest</i>	54.584	12	4.549	100,0
Reykjavíkurborgkjördæmi suður <i>Reykjavík south</i>	43.391	11	3.945	86,7
Reykjavíkurborgkjördæmi norður <i>Reykjavík north</i>	43.756	11	3.978	87,5

¹ Sbr. ákvæði 9. gr. laga nr. 24/2000 um kosningar til Alþingis. *Voters per member of Althingi as percent of the highest number in any constituency.*


Kosningabáttaka

Kosningabáttaka 83,6%

Við alþingiskosningarnar 12. maí 2007 greiddu atkvæði alls 185.071 kjósendi, eða 83,6% allra kosningabærra manna. Er þetta lægsta kosningabáttaka í alþingiskosningum í áratugi, eða síðan í október 1942. Næst þessu hlutfalli var kosningabáttakan árið 1999 þegar hún var 84,1% (tafla 2). Báttaka kvenna árið 2007 var 83,9% en hjá körlum var hún minni, eða 83,3% fyrir landið í heild (tafla 5). Þá var þáttökahlutfall kvenna hærra en karla í öllum kjördæmum nema einu, Reykjavíkurborgkjördæmi suður, og hærra í 52 sveitarfélögum af 79 (tafla 21). Frá og með þingkosningunum 1995 hefur kosningabáttaka kvenna verið örlítið meiri en karla, en í þingkosningum fram að því var þáttaka karla ætíð meiri en kvenna.

Mynd 3. Kosningabáttaka í alþingiskosningum eftir kyni 1959–2007

Figure 3. Participation in general elections by sex 1959–2007



Kosningabátttaka meiri á landsbyggð en höfuðborgarsvæði

Kosningabátttaka var mest í Norðvesturkjördæmi, 86,0%, en minnst í Reykjavíkurkjördæmi norður, 81,4%. Hafa ber í huga að flestir kjósendur sem eiga lögheimili erlendis og nýta sér ekki kosningarrétt sinn eru skráðir á kjörskrá í Reykjavík (tafla 3). Í einstökum sveitarfélögum var kosningabátttakan hæst í Grímseyjarhreppi (95,5%) en lægst í Skorradalshreppi (68,1%), en í sex sveitarfélögum á landinu var kosningabátttakan undir 80% (töflur 5 og 21). Í sjö sveitarfélögum var hlutfallið 90% eða hærra (tafla 5). Kosningabátttaka á höfuðborgarsvæðinu öllu var 82,9% á móti 84,9% á landsbyggðinni. Munurinn var því tvö prósentustig og var kynjamunurinn 0,4 prósentustig á höfuðborgarsvæðinu en eitt prósentustig á landsbyggðinni (tafla 6).

Tafla 5. Kosningabátttaka í alþingiskosningum 2007

Table 5. Participation in general elections 2007

	Atkvæði Total	Norð- vestur- kjörd.	Norð- austur- kjörd.	Suð- ur- kjörd.	Suð- vestur- kjörd.	Reykja- víkur- kjörd. suður	Reykja- víkur- kjörd. norður
Greidd atkvæði af kjósendum á kjörskrá, %							
<i>Participation of voters on electoral roll, %</i>	83,6	86,0	84,8	84,3	84,3	82,6	81,4
Karlar <i>Males</i>	83,3	85,3	84,4	83,8	83,8	83,1	80,9
Konur <i>Females</i>	83,9	86,8	85,2	84,8	84,7	82,2	81,9
Utankjörfundaratkvæði¹ %							
<i>Absentee votes¹, %</i>	12,8	15,0	14,7	10,6	11,3	12,9	13,9
Sveitarfélög eftir kosningabátttöku							
<i>Municipalities by participation</i>							
< 79,9%	6	3	1	2	–	–	–
80,0–84,9%	28	8	8	6	4	1	1
85,0–89,9%	39	14	13	9	3	–	–
90,0–94,9%	6	2	1	3	–	–	–
95,0–100%	1	–	1	–	–	–	–

For translation of constituencies see table 4 on page 6.

¹ Hlutfall af greiddum atkvæðum. Percent of votes cast.

Tafla 6. Kosningabátttaka á höfuðborgarsvæði og landsbyggð í alþingiskosningum 2007

Table 6. Participation in and outside the Capital region in general elections 2007

	Greidd atkvæði Votes cast	Kjósendur á kjörskrá Voters on the electoral roll	Kosninga- bátttaka, % Participation, %
Höfuðborgarsvæði Capital region	117.460	141.731	82,9
Karlar <i>Males</i>	57.583	69.654	82,7
Konur <i>Females</i>	59.877	72.077	83,1
Landsbyggð Outside Capital region	67.611	79.599	84,9
Karlar <i>Males</i>	34.395	40.728	84,5
Konur <i>Females</i>	33.216	38.871	85,5

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar

Kjósandi sem gerir ráð fyrir að vera fjarverandi á kjördag eða geta ekki sótt kjörfund af öðrum ástæðum hefur heimild til að greiða atkvæði utan kjörfundar, sbr. 56. gr. kosningalaga.

12,8% atkvæða utan kjörfundar

Af þeim sem greiddu atkvæði í þingkosningunum 2007 skiluðu 23.713 manns atkvæði sínu utan kjörfundar, eða 12,8% kjósenda. Í þingkosningunum 2003 var hlutfallið 9,7%. Heldur fleiri karlar en konur greiddu atkvæði utan kjörfundar, 13,4% á móti 12,2% kvenna, og er það samkvæmt venju. Hæst var hlutfallið í Norðvesturkjördæmi (15,0%), næsthæst í Norðausturkjördæmi (14,7%) en lægst (10,6%) í Suðurkjördæmi (tafla 7).

Tafla 7. Utankjörfundaratkvæði eftir kjördæmum 2007

Table 7. Absentee votes in general elections by constituency 2007

	Alls <i>Total</i>	Karlar <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>
Utankjörfundaratkvæði alls			
<i>Absentee votes, total</i>	23.713	12.325	11.388
Norðvesturkjördæmi	2.735	1.448	1.287
Norðausturkjördæmi	3.484	1.925	1.559
Suðurkjördæmi	2.732	1.468	1.264
Suðvesturkjördæmi	5.211	2.653	2.558
Reykjavíkurborg suður	4.609	2.334	2.275
Reykjavíkurborg norður	4.942	2.497	2.445
Hlutfall af greiddum atkvæðum			
<i>Percent of votes cast</i>	12,8	13,4	12,2
Norðvesturkjördæmi	15,0	15,6	14,5
Norðausturkjördæmi	14,7	16,1	13,3
Suðurkjördæmi	10,6	11,2	10,0
Suðvesturkjördæmi	11,3	11,7	10,9
Reykjavíkurborg suður	12,9	13,2	12,5
Reykjavíkurborg norður	13,9	14,4	13,4
Hlutfall af kjósendum á kjörskrá			
<i>Percent of voters on the electoral roll</i>	10,7	11,2	10,3
Norðvesturkjördæmi	12,9	13,3	12,6
Norðausturkjördæmi	12,5	13,6	11,4
Suðurkjördæmi	8,9	9,4	8,5
Suðvesturkjördæmi	9,5	9,8	9,3
Reykjavíkurborg suður	10,6	11,0	10,3
Reykjavíkurborg norður	11,3	11,6	11,0

For translation of constituencies see table 4 on page 6.

Framboðslistar og frambjóðendur

Sex stjórn málasamtök
buðu fram

Í alþingiskosningunum 2007 buðu sex stjórn málasamtök fram lista í öllum kjördæmunum sex. Þessi samtök voru: Framsóknarflokkur, Sjálfstæðisflokkur, Frjálslyndi flokkurinn, Íslandshreyfingin, Samfylkingin og Vinstrihreyfingin – grænt framboð.

Fleiri karlar en konur í framboði

Boðnir voru fram 36 framboðslistar á landinu öllu í kosningunum 2007 og eru það færri listar en í kosningum síðustu 20 árin (tafla 8). Frambjóðendur voru alls 756 í kosningunum 2007 og skiptust þeir í 399 karla og 357 konur. Voru þetta tuttugu færri frambjóðendur en í kosningunum 2003. Hlutfall karla af frambjóðendum var 52,8% en kvenna 47,2% þegar öll nöfn á framboðslistum eru talin (tafla 8). Af frambjóðendum í fyrstu þremur sætum listanna voru karlframbjóðendur 61 (56,5%) en kvenframbjóðendur 47 (43,5%). Fleiri karlar en konur voru í framboði í fjórum kjördæmum landsins (hlutfall karla 53–58%) en konur fleiri en karlar í tveimur (hlutfall kvenna um 52%). Aðeins í einu kjördæmi, Reykjavíkurborgkjördæmi suður, voru fleiri konur en karlar í þremur efstu sætum listanna. Mestur var kynjagunurinn í Suðurborgkjördæmi þar sem tæp 67% efstu frambjóðenda voru karlar (tafla 9).

Tafla 8. Framboð til alþingiskosninga 1983–2007Table 8. *Candidate lists in general elections 1983–2007*

	Stjórn mála- samtök <i>Political organisations</i>	Framboðs- listar <i>Candidate lists</i>	Frambjóðendur <i>Candidates</i>				
			Fjöldi <i>Number</i>			Hlutfall <i>Percentage</i>	
			Alls <i>Total</i>	Karlar <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>	Karlar <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>
1983	7	45	556	361	195	64,9	35,1
1987	10	64	958	521	437	54,4	45,6
1991	11	67	1.029	560	469	54,4	45,6
1995	10	56	843	418	425	49,6	50,4
1999	8	51	776	464	312	59,8	40,2
2003	7	37	776	447	329	57,6	42,4
2007	6	36	756	399	357	52,8	47,2

Frambjóðendur í 1.–3. sæti

Munur var á kynjahlutfalli á höfuðborgarsvæði og landsbyggð þegar litið er til frambjóðenda í 1.–3. sæti. Á höfuðborgarsvæði var hlutfall kynja jafnt en á landsbyggðinni voru 37% frambjóðenda konur sem þýðir að kvenframbjóðendur þar voru tiltölulega neðarlega á framboðslistum (myndir 4 og 5).

Kynjaskipting frambjóðenda eftir stjórn málasamtökum


Kynjaskipting frambjóðenda hjá stjórn málasamtökunum var í nokkrum tilvikum önnur í 1.–3. sæti listanna en á heildina litið. Hjá Framsóknarflokki og Sjálfstæðisflokkki voru jafnmargir karlar og konur í framboði í heild og einnig í 1.–3. sæti hjá Framsóknarflokki, en hjá Sjálfstæðisflokkki voru karlar 78% frambjóðenda í þessum efstu sætum. Hjá Samfylkingunni voru karlar tæpur helmingur frambjóðenda en 61% frambjóðenda í 1.–3. sæti. Hjá Vinstrihreyfingunni – grænu framboði voru konur í meirihluta frambjóðenda, bæði í heild (52%) og í 1.–3. sæti (56%). Karlar voru 57% frambjóðenda Íslandshreyfingarinnar í heild en konur 56% frambjóðenda í 1.–3. sæti. Hjá Frjálslynda flokknum voru karlar yfir 60% frambjóðenda í heild og í 1.–3. sæti (tafla 9).

Tafla 9. Frambjóðendur við alþingiskosningar 2007
Table 9. Candidates for general elections 2007

	Fjöldi <i>Number</i>			Hlutföll, %	
	Alls <i>Total</i>	Karlar <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>	Karlar <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>
Allir frambjóðendur <i>All candidates</i>					
Alls <i>Total</i>	756	399	357	52,8	47,2
Norðvesturkjördæmi	108	59	49	54,6	45,4
Norðausturkjördæmi	120	70	50	58,3	41,7
Suðurkjördæmi	120	58	62	48,3	51,7
Suðvesturkjördæmi	144	79	65	54,9	45,1
Reykjavíkurborg suður	132	63	69	47,7	52,3
Reykjavíkurborg norður	132	70	62	53,0	47,0
Stjórnálagamtök <i>Political organis.</i>					
Framsóknarflokkur	126	63	63	50,0	50,0
Sjálfstæðisflokkur	126	63	63	50,0	50,0
Frjálslyndi flokkurinn	126	79	47	62,7	37,3
Íslandshreyfingin	126	72	54	57,1	42,9
Samfylkingin	126	62	64	49,2	50,8
Vinstrihreyfingin – grænt framboð	126	60	66	47,6	52,4
Frambjóðendur 1.–3. sæti					
<i>Candidates in 1st–3rd place on lists</i>					
Alls <i>Total</i>	108	61	47	56,5	43,5
Norðvesturkjördæmi	18	11	7	61,1	38,9
Norðausturkjördæmi	18	11	7	61,1	38,9
Suðurkjördæmi	18	12	6	66,7	33,3
Suðvesturkjördæmi	18	10	8	55,6	44,4
Reykjavíkurborg suður	18	7	11	38,9	61,1
Reykjavíkurborg norður	18	10	8	55,6	44,4
Stjórnálagamtök <i>Political organis.</i>					
Framsóknarflokkur	18	9	9	50,0	50,0
Sjálfstæðisflokkur	18	14	4	77,8	22,2
Frjálslyndi flokkurinn	18	11	7	61,1	38,9
Íslandshreyfingin	18	8	10	44,4	55,6
Samfylkingin	18	11	7	61,1	38,9
Vinstrihreyfingin – grænt framboð	18	8	10	44,4	55,6


For translation of political organisations see page 1.

Mynd 4. Frambjóðendur eftir kyni í alþingiskosningunum 2007
 Figure 4. Candidates by sex in general elections 2007



Mynd 5. Frambjóðendur í 1.–3. sæti í alþingiskosningum 2007 eftir stjórnmála-samtökum og kyni

Figure 5. Candidates in 1st–3rd place on lists in general elections 2007 by political organisation and sex




Meðalaldur frambjóðenda
46,5 ár

Meðalaldur frambjóðenda á kjördag 12. maí 2007 var 46,5 ár. Karlframbjóðendur voru liðlega tveimur árum eldri að meðaltali (47,6 ára) en kvenframbjóðendur (45,2 ára) (tafla 10). Meðalaldur þjóðarinnar á kosningaaldri var 45,5 ár um mitt ár 2007 en meðalaldur þjóðarinnar allrar var 36,2 ár. Meðalaldur frambjóðenda var því lítillega hærri en meðalaldur kosningabærra manna. Af stjórnmálasamtökum var meðalaldur frambjóðenda hæstur í Frjálslynda flokknum, 49,7 ár, og lægstur hjá Framsóknarflokki, 42,9 ár (tafla 10). Meðalaldur frambjóðenda var hæstur í kjördæmum höfuðborgarsvæðisins, tæp 48 ár, en lægstur í Suðurkjördæmi, 44,2 ár (tafla 11). Kynjamunur í meðalaldri var frá 0,4 til 3,6 ár eftir stjórnmálasamtökum og frá 0,6 til 5,1 ár eftir kjördæmum.

Mynd 6. Aldursdreifing frambjóðenda eftir kyni í alþingiskosningum 2007

Figure 6. Age of candidates in general elections 2007



**Tafla 10. Frambjóðendur eftir kyni, aldri og stjórnmálasamtökum í alþingis-
kosningum 2007**

Table 10. Candidates by sex, age and political organisation in general elections 2007

	Alls <i>Total</i>	18–29 ára <i>years</i>	30–39 ára <i>years</i>	40–49 ára <i>years</i>	50–59 ára <i>years</i>	60–69 ára <i>years</i>	70–79 ára <i>years</i>	80 ára– <i>and</i>	Meðal- aldur <i>Mean</i> <i>age</i>
Alls <i>Total</i>	756	129	138	194	147	88	47	13	46,5
Framsóknarflokkur	126	26	33	34	17	7	9	–	42,9
Sjálfstæðisflokkur	126	14	32	34	23	22	1	–	45,6
Frjálslyndi flokkurinn	126	20	11	31	31	20	9	4	49,7
Íslandshreyfingin	126	27	14	40	18	11	13	3	46,4
Samfylkingin	126	19	29	25	33	13	6	1	46,3
Vinstrihreyfingin – grænt framboð	126	23	19	30	25	15	9	5	47,9
Karlar <i>Males</i>	399	70	66	84	85	54	33	7	47,6
Framsóknarflokkur	63	14	15	16	8	3	7	–	43,9
Sjálfstæðisflokkur	63	8	15	11	13	16	–	–	47,4
Frjálslyndi flokkurinn	79	11	7	19	18	14	7	3	50,6
Íslandshreyfingin	72	17	9	16	13	7	10	–	46,6
Samfylkingin	62	9	12	9	20	7	4	1	48,1
Vinstrihreyfingin – grænt framboð	60	11	8	13	13	7	5	3	48,3
Konur <i>Females</i>	357	59	72	110	62	34	14	6	45,2
Framsóknarflokkur	63	12	18	18	9	4	2	–	42,0
Sjálfstæðisflokkur	63	6	17	23	10	6	1	–	43,9
Frjálslyndi flokkurinn	47	9	4	12	13	6	2	1	48,1
Íslandshreyfingin	54	10	5	24	5	4	3	3	46,2
Samfylkingin	64	10	17	16	13	6	2	–	44,5
Vinstrihreyfingin – grænt framboð	66	12	11	17	12	8	4	2	47,5

For translation of names of political organisations see page 1.

Tafla 11. Frambjóðendur eftir kyni, aldri og kjördæmum í alþingiskosningum 2007

Table 11. Candidates by sex, age and constituency in general elections 2007

	Alls Total	18–29 ára years	30–39 ára years	40–49 ára years	50–59 ára years	60–69 ára years	70–79 ára years	80 ára– and older	Meðal- aldur Mean age
Alls Total	756	129	138	194	147	88	47	13	46,5
Norðvesturkjördæmi	108	23	15	29	19	13	8	1	45,9
Norðausturkjördæmi	120	22	25	30	24	13	3	3	45,1
Suðurkjördæmi	120	18	31	33	22	12	3	1	44,2
Suðvesturkjördæmi	144	23	18	47	21	21	11	3	47,8
Reykjavíkurborg suður	132	22	24	26	36	7	14	3	47,6
Reykjavíkurborg norður	132	21	25	29	25	22	8	2	47,6
Karlar Males	399	70	66	84	85	54	33	7	47,6
Norðvesturkjördæmi	59	16	6	9	11	10	7	–	47,1
Norðausturkjördæmi	70	13	12	18	14	8	3	2	46,4
Suðurkjördæmi	58	8	11	14	14	8	2	1	46,8
Suðvesturkjördæmi	79	16	6	23	15	9	9	1	47,5
Reykjavíkurborg suður	63	8	15	9	16	6	8	1	48,8
Reykjavíkurborg norður	70	9	16	11	15	13	4	2	48,7
Konur Females	357	59	72	110	62	34	14	6	45,2
Norðvesturkjördæmi	49	7	9	20	8	3	1	1	44,5
Norðausturkjördæmi	50	9	13	12	10	5	–	1	43,4
Suðurkjördæmi	62	10	20	19	8	4	1	–	41,7
Suðvesturkjördæmi	65	7	12	24	6	12	2	2	48,1
Reykjavíkurborg suður	69	14	9	17	20	1	6	2	46,5
Reykjavíkurborg norður	62	12	9	18	10	9	4	–	46,3

For translation of constituencies see table 4 on page 6.

Úrslit kosninganna 12. maí 2007

Í alþingiskosningunum 12. maí 2007 voru greidd alls 185.071 atkvæði. Gild atkvæði voru 182.169 en auðir seðlar 2.517 og ógildir seðlar 385. Kosningaþátttakan á landinu öllu var 83,6%.

Kjörfylgi

Sjálfstæðisflokkurinn hlaut flest atkvæði á landinu öllu, 66.754, en það jafngildir 36,6% af öllum gildum atkvæðum og fékk hann 25 þingmenn kjörna. Samfylkingin fékk 48.743 atkvæði, 26,8%, og 18 þingmenn. Vinstrihreyfingin – grænt framboð fékk 26.136 atkvæði, 14,3%, og 9 þingmenn. Framsóknarflokkur fékk 21.350 atkvæði, 11,7%, og 7 þingmenn. Frjálslyndi flokkurinn fékk 13.233 atkvæði, 7,3%, og 4 þingmenn. Íslandshreyfingin fékk 5.953 atkvæði, 3,3%, og engan þingmann kjörinn. Sjálfstæðisflokkur fékk flest atkvæði í öllum kjördæmunum sex (tafla 12).

Tafla 12. Niðurstöður alþingiskosninga eftir kjördæmum 2007*Table 12. Results of general elections 2007, by constituency*

	Alls <i>Total</i>	Norð- vestur- kjörd.	Norð- austur- kjörd.	Suður- kjörd.	Suð- vestur- kjörd.	Reykja- víkur- kjörd. suður	Reykja- víkur- kjörd. norður
Kjósendur á kjörskrá <i>Voters on the electoral roll</i>	221.330	21.126	27.881	30.592	54.584	43.391	43.756
Greidd atkvæði <i>Votes cast</i>	185.071	18.178	23.644	25.789	45.989	35.846	35.625
Kosningaþátttaka, % <i>Participation</i>	83,6	86,0	84,8	84,3	84,3	82,6	81,4
Auðir og ógildir seðlar <i>Blank and void ballots</i>	2.902	282	342	437	705	555	581
Gild atkvæði alls <i>Valid votes total</i>	182.169	17.896	23.302	25.352	45.284	35.291	35.044
Framsóknarflokkur	21.350	3.362	5.726	4.745	3.250	2.081	2.186
Sjálfstæðisflokkur	66.754	5.199	6.522	9.120	19.307	13.846	12.760
Frjálslyndi flokkurinn	13.233	2.432	1.378	1.771	3.051	2.385	2.216
Íslandshreyfingin	5.953	255	278	435	1.599	1.680	1.706
Samfylkingin	48.743	3.793	4.840	6.783	12.845	10.234	10.248
Vinstrihreyfingin - grænt framboð	26.136	2.855	4.558	2.498	5.232	5.065	5.928
Hlutfallsleg skipting, % <i>Percent breakdown, %</i>							
Gild atkvæði <i>Valid votes</i>	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0
Framsóknarflokkur	11,7	18,8	24,6	18,7	7,2	5,9	6,2
Sjálfstæðisflokkur	36,6	29,1	28,0	36,0	42,6	39,2	36,4
Frjálslyndi flokkurinn	7,3	13,6	5,9	7,0	6,7	6,8	6,3
Íslandshreyfingin	3,3	1,4	1,2	1,7	3,5	4,8	4,9
Samfylkingin	26,8	21,2	20,8	26,8	28,4	29,0	29,2
Vinstrihreyfingin - grænt framboð	14,3	16,0	19,6	9,9	11,6	14,4	16,9
Kjörnir þingmenn <i>Members of the Althingi</i>							
Þingmenn <i>Members</i>	63	9	10	10	12	11	11
Framsóknarflokkur	7	1	3	2	1	–	–
Sjálfstæðisflokkur	25	3	3	4	6	5	4
Frjálslyndi flokkurinn	4	2	–	1	–	1	–
Íslandshreyfingin	–	–	–	–	–	–	–
Samfylkingin	18	2	2	2	4	3	5
Vinstri hreyfingin - grænt framboð	9	1	2	1	1	2	2

For translation of names of political organisations see page 1 and for translation of constituencies see page 6.

Tafla 13. Úrslit alþingiskosninga fyrir landið allt 1987–2007*Table 13. Results of general elections 1987–2007*

	1987	1991	1995	1999	2003	2007
Gild atkvæði alls <i>Valid votes</i>	152.722	157.769	165.043	165.727	183.172	182.169
Alþýðuflokkur	23.265	24.459	18.846	•	•	•
Framsóknarflokkur	28.902	29.866	38.485	30.415	32.484	21.350
Sjálfstæðisflokkur	41.490	60.836	61.183	67.513	61.701	66.754
Alþýðubandalag	20.387	22.706	23.597	•	•	•
Bandalag jafnaðarmanna	246	•	•	•	•	•
Samtök um kvennalista	15.470	13.069	8.031	•	•	•
Borgaraflokkur	16.588	•	•	•	•	•
Samtök um jafnrétti og félagshyggju	1.893	•	•	•	•	•
Þjóðvaki, hreyfing fólksins	•	•	11.806	•	•	•
Frjálslyndi flokkurinn	•	•	•	6.919	13.523	13.233
Samfylkingin	•	•	•	44.378	56.700	48.743
Vinstrihreyfingin – grænt framboð	•	•	•	15.115	16.129	26.136
Aðrir og utan flokka	4.481	6.833	3.095	1.387	2.635	5.953
Atkvæðahlutfall <i>Percentage</i>	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0
Alþýðuflokkur	15,2	15,5	11,4	•	•	•
Framsóknarflokkur	18,9	18,9	23,3	18,4	17,7	11,7
Sjálfstæðisflokkur	27,2	38,6	37,1	40,7	33,7	36,6
Alþýðubandalag	13,3	14,4	14,3	•	•	•
Bandalag jafnaðarmanna	0,2	•	•	•	•	•
Samtök um kvennalista	10,1	8,3	4,9	•	•	•
Borgaraflokkur	10,9	•	•	•	•	•
Samtök um jafnrétti og félagshyggju	1,2	•	•	•	•	•
Þjóðvaki, hreyfing fólksins	•	•	7,2	•	•	•
Frjálslyndi flokkurinn	•	•	•	4,2	7,4	7,3
Samfylkingin	•	•	•	26,8	31,0	26,8
Vinstrihreyfingin – grænt framboð	•	•	•	9,1	8,8	14,3
Aðrir og utan flokka	2,9	4,3	1,9	0,8	1,4	3,3
Þingsæti <i>Elected members</i>	63	63	63	63	63	63
Alþýðuflokkur	10	10	7	•	•	•
Framsóknarflokkur	13	13	15	12	12	7
Sjálfstæðisflokkur	18	26	25	26	22	25
Alþýðubandalag	8	9	9	•	•	•
Bandalag jafnaðarmanna	–	•	•	•	•	•
Samtök um kvennalista	6	5	3	•	•	•
Borgaraflokkur	7	•	•	•	•	•
Samtök um jafnrétti og félagshyggju	1	•	•	•	•	•
Þjóðvaki, hreyfing fólksins	•	•	4	•	•	•
Frjálslyndi flokkurinn	•	•	•	2	4	4
Samfylkingin	•	•	•	17	20	18
Vinstrihreyfingin – grænt framboð	•	•	•	6	5	9
Aðrir og utan flokka	–	–	–	–	–	–


For translation of names of political organisations see page 1.

Fylgibreytingar frá kosningunum 2003

Nokkur breyting varð á fylgi stjórnórnásmatka í kosningunum 12. maí 2007 miðað við kosningarnar 2003. Þrenn samtök töpuðu fylgi en tvenn bættu fylgi sitt. Framsóknarflokkur missti 6,0 prósentustig, Samfylkingin 4,2 og Frjálslyndi flokkurinn 0,1, en Sjálfstæðisflokkurinn bætti við sig 3,0 prósentustigum og Vinstrihreyfingin – grænt framboð 5,5 prósentustigum (mynd 7).

Mynd 7. Fylgi stjórnórnásmatka í alþingiskosningum 2003 og 2007

Figure 7. Results of general elections by political organisation 2003 and 2007




Misjafnt fylgi á höfuðborgarsvæði og landsbyggð

Ef fylgi flokka á höfuðborgarsvæði og landsbyggð við kosningarnar 2007 er skoðað kemur í ljós að Framsóknarflokkur, Frjálslyndi flokkurinn og Vinstrihreyfingin – grænt framboð eru með hlutfallslega meira fylgi á landsbyggð en höfuðborgarsvæði. Sjálfstæðisflokkur, Íslandshreyfingin og Samfylkingin eru hins vegar með meira fylgi á höfuðborgarsvæði en á landsbyggð. Mikill munur er á fylgi Framsóknarflokksins hvað þessa skiptingu varðar. Fékk flokkurinn 20,8% gilda atkvæða á landsbyggð en á höfuðborgarsvæði var fylgið þriðjungur þess, eða 6,5%. Á höfuðborgarsvæðinu fékk Sjálfstæðisflokkur 39,7% gilda atkvæða en 31,3% á landsbyggð. Fylgi Samfylkingarinnar var 28,8% á höfuðborgarsvæði en 23,2% á landsbyggð. Vinstrihreyfingin – grænt framboð var með svipað fylgi á höfuðborgarsvæði og á landsbyggð, eða 14,0% í fyrri tilviki og 14,9% í því síðara. Frjálslyndi flokkurinn var með 8,3% fylgi á landsbyggð samanborið við 6,5% á höfuðborgarsvæði. Þá fékk Íslandshreyfingin 4,3% gilda atkvæða á höfuðborgarsvæðinu en 1,5% á landsbyggðinni (tafla 14).

Mynd 8. Fylgi stjórnmalasamtaka á höfuðborgarsvæði og landsbyggð í alþingiskosningum 2007

Figure 8. Percent of votes by political organisation in and outside the Capital region in general elections 2007.



Tafla 14. Atkvæði stjórnmalasamtaka á höfuðborgarsvæði og landsbyggð í alþingiskosningum 2007

Table 14. Votes to political organisations in and outside Capital region in general elections 2007

	Atkvæði alls Votes total		Atkvæði alls % Votes total, %	
	Höfuðborgar- svæði Capital region	Landsbyggð Outside Capital region	Höfuðborgar- svæði Capital region	Landsbyggð Outside Capital region
Gild atkvæði alls				
<i>Total number of valid votes</i>	115.619	66.550	100,0	100,0
Framsóknarflokkur <i>Progressive Party</i>	7.517	13.833	6,5	20,8
Sjálfstæðisflokkur <i>Independence Party</i>	45.913	20.841	39,7	31,3
Frjálslyndi flokkurinn <i>The Liberal Party</i>	7.652	5.581	6,6	8,4
Íslandshreyfingin <i>The Icelandic Movement</i>	4.985	968	4,3	1,5
Samfylkingin <i>The Social Democratic Alliance</i>	33.327	15.416	28,8	23,2
Vinstrihreyfingin - grænt framboð <i>The Left-Green Movement</i>	16.225	9.911	14,0	14,9

Auð atkvæði 1,4% og ógild atkvæði 0,2%

Greidd atkvæði í alþingiskosningum skiptast í gild atkvæði, auða seðla og ógilda. Kosningabátttaka reiknast út frá greiddum atkvæðum í heild en fylgi stjórnmalasamtaka út frá gildum atkvæðum. Ævinlega verður nokkur fjöldi greiddra atkvæða ógildir í kosningum ýmist sökum þess að kjósendi skilar auðum seðli eða ómerkir hann viljandi eða af vangá. Í kosningunum 2007 skiluðu 2.517 kjósendur auðum seðlum, en það samsvarar 1,4% greiddra atkvæða, en 385 atkvæðaseðlar töldust ógildir, sem jafngildir 0,2% greiddra atkvæða. Samanlögð tala auðra og ógildra atkvæða var því 2.902, eða 1,6% greiddra atkvæða. Í alþingiskosningunum 2003 var þetta hlutfall 1,2% og 1,8% að meðaltali í alþingiskosningunum 1971–1999. Árið 2007 var hlutfall ógildra atkvæða 0,2% í öllum kjördæmum nema einu en hlutfall auðra seðla var 1,3 til 1,5% eftir kjördæmum, hæst í Suðurkjördæmi (tafla 15).

Atkvæðaseðlar til úrskurðar

Í kjölfar kosninganna 12. maí 2007 fékk Alþingi til úrskurðar sjö atkvæðaseðla úr Reykjavíkurborg kjördæmi suður sem ágreiningur var um. Yfirkjörstjórn kjördæmisins taldi þá til ógildra atkvæða en kjörbréfanefnd taldi atkvæðin hins vegar gild og þannig greidd framboðum að eitt atkvæði félli B-lista Framsóknarflokks í skaut, fimm atkvæði D-lista Sjálfstæðisflokks og eitt atkvæði S-lista Samfylkingar. Alþingi samþykkti þessa tillögu kjörbréfanefndar á þingsetningarfundum 31. maí 2007. Hafði þetta í för með sér smávægilegar breytingar á upphaflegum niðurstöðum kosninganna en breytti þó engu um skipan Alþingis eða röð þingmanna og varamanna. Hefur verið tekið tillit til þessa úrskurðar, bæði af hálfu landskjörstjórnar og hér í ritinu. Kjörbréfanefnd fékk einnig atkvæðaseðil úr Suðurborg kjördæmi sem ágreiningur var um en erindið barst of seint og var því ekki tekin efnisleg afstaða til málsins. Niðurstaða yfirkjörstjórnar stóð því óbreytt.

Tafla 15. Auðir seðlar og ógildir í alþingiskosningum 2007

Table 15. Blank and void ballots in general elections 2007

	Auðir seðlar og ógildir Blank and void ballots				
	Alls Total	Auðir seðlar Blank ballots	Ógildir seðlar Void ballots	Gild atkvæði Valid votes	Greidd atkvæði Votes cast
Atkvæði alls <i>Votes total</i>	2.902	2.517	385	182.169	185.071
Norðvesturkjördæmi	282	254	28	17.896	18.178
Norðausturkjördæmi	342	305	37	23.302	23.644
Suðurborg kjördæmi	437	375	62	25.352	25.789
Suðvesturkjördæmi	705	611	94	45.284	45.989
Reykjavíkurborg kjördæmi suður	555	462	93	35.291	35.846
Reykjavíkurborg kjördæmi norður	581	510	71	35.044	35.625
